



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Reykjavík, 12. febrúar 2018.

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, þskj. 34, 34. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist til umsagnar frumvarp til laga breytingu á lögum um útlendinga nr. 80/2016.

Með frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að veita barni yngra en 18 ára dvalarleyfi hér á landi ef foreldri þess hefur dvalarleyfi á grundvelli 58., 61.–63., 65.–67., 70., 73.–76. eða 78. gr. laganna.

MRSÍ fagnar frumvarpinu og tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð meðfylgjandi því. Verði frumvarpið að lögum má, til viðbótar við það sem nú er heimilt, gefa út dvalarleyfi til barna fólks sem hefur dvalarleyfi hér á landi á grundvelli 62. gr., 65. gr., 66. gr., 67. gr., 75. og 76. gr. laganna. Er hér um réttarbót að ræða og skref í þá átt að jafna stöðu handhafa dvalarleyfa á mismunandi forsendum.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir

framkvæmdastjóri



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE